


## Lýðheilsukort – kvittanir

Þegar reikningur vegna lýðheilsukorts hefur verið gefinn út og krafa stofnuð í netbanka er hægt að sækja pdf útgáfu reiknings í [þjónustugátt Akureyrarbæjar](#) (þar sem umsóknin um lýðheilsukort var stofnuð).

Þegar komið er inn í þjónustugátt er farið í valmyndina “Álagning og reikningar”. Þar skal velja “Mínir reikningar frá Akureyrarbæ”, þá birtist yfirlit yfir nýjustu reikninga frá Akureyrarbæ.

Í dálknum Lýsing finnið þið textann “Lýðheilsukort”, smellið á hann til að opna pdf reikning sem þið svo vistið hjá ykkur. Þennan reikning sendið þið með umsókn t.d. til stéttarfélags.



The screenshot shows the Akureyrarbær website interface. At the top left is the Akureyrarbær logo. To its right is the 'info mentor' logo. The navigation menu includes 'Málin mín', 'Mín skjöl', 'Kannanir', and 'Álagning og reikningar'. A red arrow points to the 'Álagning og reikningar' menu item. Below it, a dropdown menu is open, showing three options: 'Álagning', 'Mínir reikningar frá Akureyrarbæ', and 'Mínir reikningar til Akureyrarbæjar'. A second red arrow points to the 'Mínir reikningar frá Akureyrarbæ' option. The page also features a language selector, a Google Translate logo, and a date indicator: 'Þóðan dag Eggert Þór Óskarsson | Föstudagur 25. nóvember 2022'.

### Reikningar til mín frá Akureyrarbæ

Dags.	Reikningur	Lýsing	Eindagi	Upphæð	Greitt
15.11.2022	0092766862	[REDACTED]	15.12.2022	[REDACTED]	Já
15.11.2022	0092766862	[REDACTED]	15.12.2022	[REDACTED]	Já

Sum stéttarfélög veita aðeins endurgreiðslu af greiddri upphæð. Önnur samþykkja endurgreiðslu þó ekki hafi öll ársupphæðin verið greidd, þá þarf að sýna fram á 12 mánaða skuldbindingu.

Hægt er að sýna fram á skuldbindingu með því að láta umsóknarform lýðheilsukortsins fylgja með reikningi. Einnig þarf afrit umsóknarforms að fylgja með ef maki greiðanda, sem skráður er á umsóknarform, vill sækja um endurgreiðslu hjá sínu stéttarfélagi.

Afrit umsóknarforms má nálgast í þjónustugátt Akureyrarbæjar undir valmyndinni “Málin mín” sem einnig er upphafsmynd þjónustugáttar. Smellið á málsnúmer og síðan á hlekkinn undir “Fylgiskjöl”. Vistið formið hjá ykkur sem pdf skjal, en sá möguleiki er í boði í prent-valmynd í flestum netvöfrum.

Ef stéttarfélag fer fram á greiðslustaðfestingu, þarf að senda greiðslukvittun úr netbanka sem sýnir að reikningurinn hafi verið greiddur. Finna þarf í banka-appi eða netbanka greiðslu til Akureyrarbæjar með skýringunni “Íþróttahús”. Athugið að upphæð greiðslu þarf að stemma við reikninginn úr þjónustugáttinni.

Ef ofangreindar leiðir duga ekki til, er hægt að fá kvittun í afgreiðslu Sundlaugar Akureyrar.